

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 78/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sveinbirni Björnssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Brot gegn umferðarlögum og reglum um öxulþunga bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi og brot ákærða þar réttilega fært til refsíakvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflytningu-
ingslaun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Björnsson, greiði 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflytningu-
ingslaun verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 23. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörns-

syni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 35/1969: Ákærvaldið gegn Sveinbirni Björnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 19. f. m., gegn Sveinbirni Björnssyni bifreiðarstjóra, Dunhaga 18, fæddum 2. júní 1943 í Reykjavík, „fyrir ofhleðslu vöruflutningabifreiðarinnar R 13230 fimmtudaginn 25. janúar 1968 á leiðinni frá Vatnsskarði til Reykjavíkur, með því að heildarþyngd bifreiðarinnar, er lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Reykjanesbraut við Jófríðarstaði áður nefndan dag um kl. 1640, var 16.100 kg., þungi á framöxli 3.700 kg., þungi á afturöxli (einföldum) 12.400 kg., en samkvæmt skráningarskírteini bifreiðarinnar er leyfður hámarksþungi á öxli 10.500 kg. og heildarþyngd bifreiðarinnar 16.500 kg., en leyfður hámarksþungi á öxli ökutækis á umræddri leið 10.000 kg., sbr. auglýsingu frá vegamálastjóra 29. júlí 1967 um undanþágur frá 55. og 56. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968, um mestu breidd og hámarksöxulþunga bifreiða.

Telst brot ákærða varða við 2. mgr. 17. gr. og framangreinda auglýsingu vegamálastjóra frá 29. júlí 1967, sbr. 3. mgr. 56. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Hinn 25. janúar 1968 kl. 1640 var ákærði stöðvaður af bifreiða-eftirlitsmönnum, er hann var að aka bifreiðinni R 13230 með hraunfarm (bruna) frá Vatnsskarði. Var bifreiðin tekin til athugunar á því, hvort hún væri löglega hlaðin. Reyndist heildarþyngd 16.100 kg., þungi á framöxli 3.700 kg. og á afturöxli 12.400 kg. Samkvæmt skráningarskírteini bifreiðarinnar var leyfður hámarksþungi á framöxli 6.000 kg., en á afturöxli 10.500 kg. Samkvæmt auglýsingu vegamálastjóra 17. júlí 1967 mátti hámarksöxulþungi á umræddri leið vera 10.000 kg.

Ákærði hefur gert þá athugasemd við ákærana, að hann efi, að aðstæður hafi verið slíkar á vigtunarstað, að rétt mæling hafi fengizt. Telur hann að halli hafi verið þar, sem bifreiðin var vegin. Þá hefur ákærði dregið í efa, að um löglega vog hafi verið að ræða.

Þeir Arnkell Jónas Einarsson vegaeftirlitsmaður og Hafsteinn Sölvason bifreiðaeftirlitsmaður framkvæmdu vigtunina. Þeir hafa staðfest framanskráðar þungatölur, og segja þeir bifreiðina hafa verið vegna á hábungu Reykjanesbrautar ofan við Jófríðarstaði

(í Hafnarfirði) og hafi þar ekki verið um neinn halla að ræða. Þeir segja að birtu hafi verið tekið að bregða, en þeir hafi haft ljósker til þess að lýsa á vogina. Við vigtunina hafi þeir fylgt þeirri reglu að miða við næsta heila strik neðan við nálina á voginni. Geti það leitt til þess, að þunginn sé í kærul tilgreindur allt að 100 kg. minni en verið hafi, þar sem bil milli strika sé 100 kg.

Arnkell Jónas hefur hinn 22. júní 1967 verið löggiltur vigtarmaður til þess að vega ökutæki við eftirlit með ákvæðum umferðarlaga um öxulþunga.

Samkvæmt vottorði Löggildingarstofunnar voru 12. maí 1967 prófaðar vogir frá Vegagerð ríkisins, og var Vegagerðinni heimiluð notkun þeirra við ákvörðun öxulþunga bifreiða á árinu 1967 upp í allt að 8.500 kg. með þeim takmörkunum, að miðað sé við minnst 100 kg. Við vigtun bifreiðar ákærða voru samkvæmt framburði Arnkels Jónasar Einarssonar notaðar í senn tvær slíkar vogir, þannig að þegar þungi á afturöxli var mældur, var sín vogin undir hvoru afturhjóli. Samkvæmt framburði Arnkels Jónasar og Hafsteins var þungi talinn samkvæmt striki því, sem næst var neðan við nálina á voginni.

Niðurstöður.

Samkvæmt vigtun þeirri, sem eftirlitsmenn framkvæmdu 25. janúar 1968, en ekki hefur verið sýnt fram á annað en að hún hafi verið gerð að öllu leyti samkvæmt réttum reglum, reyndist þungi á afturöxli bifreiðar ákærða 1.900 kg. meiri en skoðunarvottorð bifreiðar heimilaði og 2.400 kg. meiri en lögleyfður hámarksþungi á umræddum vegi. Hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 17. gr. og 56. gr. umferðarlaga, sbr. auglýsingu vegamálastjóra 29. júlí 1967. Refsing ákærða, sem hefur hinn 30. ágúst 1967 sætt á greiðslu 2.400 kr. sektar fyrir sams konar brot, þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Björnsson, greiði 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.